



Foreldrafélög grunnskólanna
í Reykjanesbæ

Mættir voru: Jana Akurskóla, Jónína Akurskóla, Linda Myllubakkaskóla og Petra Lind Holtaskóla, Ingigerður verkefnastjóri.

Gestir fundarins: Hjördís Árnadóttir, Stefán Bjarkason og Eiríkur Hermannsson.

Fundarstaður: Kirkjulundur

Fundartími: Fimmtudagur 12.febrúar 2009 kl. 17:15 -18:30

Dagskrá fundarins:

1. Ingigerður setti fundinn og tilnefndi Jönu sem ritara.
2. Fundargerð síðast fundar lesin og samþykkt.
3. Jana sagði frá fundi sem hún átti með Jónínu Skólastjóra Akurskóla varðand það að foreldrafélag Akurskóla vinni að verkáætlun um yfirsetu/samverustund foreldra í forföllum kennara. Það kom fram að Akurskóli hefur sinnt forföllum barna á yngsta stigi, en börn frá 6. bekk og upp úr hafa verið send heim vegna skorts á fjármagni til forfallakennslu. Eiríkur benti á að skólastjórar hafi ákveðinn sveigjanleika innan síns rekstrar varðandi t.d. forfallakennslu og aðrar lausnir.
4. Umræða um að allir skólar taki sig saman að bjóða slíkt ef tök er á og vel tekið í af hálfu starfsfólks í skólum.
- 5. 17:45 mæta fulltrúar frá Reykjanesbæ til skrafs og ráðagerða**
6. Ingigerður sagði frá húsnæði Virkjunar og að búið væri að panta það undir fyrirhugað málþing 14. mars næstkomandi.
7. Umræður um málþing: Ingigerður fór yfir umræðupunkta varðandi væntanlegt málþing. Rædd var nauðsyn þess að vanda vel orðalag og alla umgjörð varðandi kynningu á málþinginu og tilgangi þess. Gott væri að geta samnýtt kynningardálk Reykjanesbæjar í bæjarblöðunum fyrir kynningu um málþingið okkar.
 - a. Eitthvað fyrir andann- athuga með kórana hér í bæjarfélaginu, tala við Dagnýju. Einnig að tala við reynslubolta sem höfðað geta til barna og ungmenna eins og Fal Harðarson og fleiri.

- b. Ánægju stundir fjölskyldunnar- Stefán mynnti á Skessudaga í Reykjanesbæ, barnahátíð, sem haldin var í nóvember 2008. Þar geta leynst góðar hugmyndir að samverustund.
- c. Reykjanesbær – skólar og tómstundir, félagsmálayfirvöld....- lausnir fyrir fólk-virkjun- vinnumálastofnun- þeir sem vinna með börnum. Stefán var sammála okkur að þessi vettvangur sem málþingið er sé kjörið til að upplýsa fólk um ýmis tækifæri hér í Reykjanesbæ.
- d. Eiríkur var spurður um fjárframlög til skólamála og kvað verulega litla lækkun, eða um 200 milljónir kr. Hann staðfesti jafnframt skert framlög til félagsstarfs innan skóla og styrkja til barna á ferð í skólaferðalög. Ákveðið var að setja niður spurningar sem varðar málefni barna og skólamálstefnu bæjarins og vinna síðan nánar með niðurstöður.
- e. Samþykkt að fá Árna Sigfússon til að setja málþingið og halda smá tölu fyrir gesti.
- f. Samþykkt að Jana ræddi við Árelú Eydísi sem yrði með erindi um Von.
- g. Samþykkt að ræða við Guðbjörgu hjá FRÆ um erindi sem fjallaði um skólastarf og hvernig það snýr að börnum og hvaða línur hafa verið lagðar í þessu ástandi og hvaða upplýsingar FRÆ hafi um ástand barna í skólunum.

Það kom fram einlægur vilji gesta okkur fyrir þátttöku og aðstoð á verðandi málþingi. Að lokum var ákveðið að halda áfram vinnu og útfærslu málþings. Næst á dagskrá er stofnun vinnuhópa er munu sinna fundarefni málþingsins.

- 8. 18:15 – 18:30 **Kynningarbásar**- hverja eigum við að tala við- endurskoða listann og skipta með okkur verkum.
 - a. Ýmsar hugmyndir á lofti varðandi þetta atriði, þó vannst ekki tími til að ræða þennan þátt nánar. Þó var ákveðið að gæta að því í væntanlegri tilkynningu um málþingið að auglýsa þessa aðstöðu opna öllum velgjörðamönnum barna. Nánari útfærsla bíður vinnuhóps.
- 9. *Næsti fundur 19.febrúar, væntanlega í húsnæði Virkjunar á Vallarheiði.*

Hvers konar fræðslu græða foreldra mest á til að gæta velferðar barna sinna?